

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. júní 2015
2014080018/42-0
TB
tb

Umsögn vegna umsóknar Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar um nýtingarleyfi neysluvatns í landi Tungu í Svínadal, Hvalfjarðarsveit

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar um nýtingarleyfi neysluvatns í landi Tungu í Svínadal, Hvalfjarðarsveit. Sótt er um leyfi fyrir viðbótar vatnstöku í landi Tungu um allt að 24 l/s sem kemur til viðbótar aukinnar vatnstöku í landi Hlíðarfótar, um allt að 20 l/s samtals. Í heildina er því um að ræða 44 l/s í aukinni vatnstöku sem svarar til u.p.b. 10 % af lágmarksrennsli Laxár í Leirársveit en báðir vatnstökustaðirnir eru á vatnasviði árinnar.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um vatnstöku í landi Hlíðarfóts með bréfi til Orkustofnunar dagsettu 18. september 2014. Báðir vatnstökustaðirnir eru á vatnasviði Laxár í Leirársveit og má því segja að umsögn Náttúrufræðistofnunar um vatnstöku í landi Hlíðarfóts eigi einnig við um vatnstöku í landi Tungu hvað snertir hugsanleg áhrif á Laxá. Eini munurinn er að nú er um helmingi meira vatnsmagn að ræða frá því áður og því enn meiri ástæða til að taka sérstakt tillit til hugsanlegra áhrifa á lífríki Laxár í Leirársveit sértaklega þegar lítið rennsli er í ánni.

Í gögnum vatnsveitufélagsins kemur fram að vilji er til að taka vatn í samvinnu við hagsmunaaðila þ.m.t. veiðifélag Laxár og þá væntanlega með það í huga að minnka vatnstöku þegar lítið rennsli er í ánni. Hvað í slíkri samvinnu getur falist og þá jafnframt í leyfi Orkustofnunar, ef til þess kemur, er utan þess sem Náttúrufræðistofnun kemur að og vill stofnunin því ítreka fyrri umsögn sína frá 18. september 2014 í heild sinni að svo miklu leyti sem hún á við báða staði og einkum þar sem segir: **Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að liggja fyrir faglegt mat sérfræðinga um möguleg áhrif vegna aukinnar vatnstöku á lífríki Laxár í Leirársveit áður en nýtingarleyfi er veitt.**

Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að slíkt mat hafi farið fram.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeilda

